

FYLGISKJAL NR. 1016

DAGS 04.09.2002

SAMANTEKT:

355. bæjarstjórnarfundur (Hafsteinn Pálsson, forseti bæjarstjórnar, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Haraldur Sverrisson, Herdís Sigurjónsdóttir, Þróstur Karlsson, Bryndís Bjarnason og Jónas Sigurðsson – Fundargerð Björn Þráinn Þórðarsson)

6. dagskrárlíður á bæjarstjórnarfundinum var að taka fyrir afgreiðslu á 64. fundi skipulags- og bygginganefndar frá 27.08.2002.

Funargerðin var lögð fram við bæjarstjórn sem afgreiddi hana.

Bæjarstjórn, fundur nr. 355

Dags. 4. September 2002

355. fundur

bæjarstjórnar Mosfellsbæjar,

haldinn í fundarherbergi á 4. hæð, Þverholti 2,

miðvikudaginn 4. september 2002, og hófst hann kl. 1

Fundinn sátu: Hafsteinn Pálsson, forseti (HP) Ragnheiður Ríkharðsdóttir (RR), Harald Sigurjónsdóttir (HS), Pröstur Karlsson (PK), Bryndís Bjarnarson (BB) og Jónas Sigurðs

Fundargerð ritaði: Björn Þráinn Þórðarson, forstöðumaður.

(12)

Dag-skrá fundarins:

1. mál: Fundargerðir nefnda:

1. Bæjarráð, 575. fundur frá 22. ágúst 2002

Fundargerð bæjarráðs staðfest með sjö atkvæðum.

2. Bæjarráð, 576. fundur frá 29. ágúst 2002

Til máls tóku: JS, RR, PK

"Fyrirspurn frá Jónasi Sigurðssyni G-lista vegna fréttar í Morgunblaðinu 29.08.02. um skólaakstur í Mosfellsbæ.

1. Í frétt blaðsins kemur fram að "Bæjaryfirvöld í Mosfellsbæ hafa ákveðið að taka upp á ný skólaakstur að heimilum þeirra barna sem búa í meiri fjarlægð frá skóla en 1,5 kílómetra".

Hefur þetta verið leiðrétt við fréttamann blaðsins, þ.e. að skólaakstur barna sem búa í meiri fjarlægð frá skóla en 1,5 kílómetra hafi ekki verið aflagður í tíð fyrr meirihluta?

2. Í fréttinni kemur fram og haft eftir "íbúa á býli" að þóknun til hans fyrir að koma börnum sínum til og frá skóla nemi 140.140 krónum á ári. Hið rétta er að greiðslan nemur 420.000 krónum á ári.

Hefur þetta verið leiðrétt við fréttamann blaðsins?

3. Í fréttinni er eftirfarandi haft eftir bæjarstjóra: "Núverandi meirihluti hefur hins vegar tekið þá ákvörðun að þjónusta þau börn sem búa í hinum dreifðu byggðum Mosfellsbæjar á sama hátt og önnur börn hvað varðar skólaakstur. Nú verða börnin einfaldlega sótt heim til sín þannig að þessi vinnuregla sem fráfarandi meirihluti beitti verður ekki viðhöfð".

a) Hvað á það við um mörg heimili að börnin verða sótt heim?

b) Eru börn t.d. í Mosfellsdal og á Blikastöðum sótt heim til sín? Ef svo er ekki hvað þurfa þau að ganga langa vegalengd í veg fyrir skólabíl þau sem lengst þurfa að ganga?

4. Hvaða kosnaðaráhrif hefur þessi ákvörðun og/eða fyrirkomulagsbreytingu að öðru leiti á skólaaksturinn.

Svör við þessum spurningum óskast lögð fram skriflega á næsta fundi bæjarstjórnar."

Pröstur Karlsson óskaði eftir því að fyrirspurnir vegna sama máls hefðu einnig komið fram.

Fundargerð bæjarráðs staðfest með sjö atkvæðum.

3. Félagsmálanefnd, 128. fundur frá 27. ágúst 2002

1. mál, 1.3 viðbótarlán

Umsókn um viðbótarlán nr. VL-33-02 að upphæð kr. 1.760.000,-. Umsókn um undanþágu frá tekjumörkum.

Synjað.

Til máls tóku: HS, JS, PK, BB

Synjun nefndarinnar staðfest með 7 atkvæðum.

4. mál: Dagvist aldraðra, minnisblað félagsmálastjóra dags. 19.08.02.

Til máls tóku: HP, JS, HSv, HS

Bæjarstjórn tekur undir bókun félagsmálanefndar og felur formanni félagsmálanefndar og bæjarstjóra að óska eftir fundi með heilbrigðisráðherra um málið.

Fundargerðin að öðru leyti lögð fram.

4. Fræðslunefnd 100. fundur frá 27. ágúst 2002

2. mál

Gjaldskrá Tónlistarskólans.

Til máls tóku: PK, HP, RR, JS, HSv, BB

Gjaldskráin samþykkt með sjö atkvæðum.

Fundargerðin að öðru leyti lögð fram.

5. Ritnefnd um söguritun Mosfellsbæjar, 1.fundur frá 15. ágúst 2002

Fundargerðin lögð fram

6. Skipulags- og byggingarnefnd, 64. fundur frá 27. ágúst 2002

1. mál: Reykjamelur 11- Útvistarstígur.

Samþykkt með sjö atkvæðum.

2. mál: Breyting á deiliskipulagi Klappar- og Skálahlíðar.

Samþykkt með sjö atkvæðum.

4. mál: Breyting á deiliskipulagi Háholts 11.

Samþykkt með sjö atkvæðum.

5. mál: Breyting á deiliskipulagi miðbæjar.

Samþykkt með sjö atkvæðum.

10. mál: Furubyggð 23.

Samþykkt með sjö atkvæðum.

11. mál: Miðdalur II.

Samþykkt með sjö atkvæðum.

14. mál: Úlfarsfellsland.

Til máls tóku: RR, HSv, ÞK, JS

15. mál: Önnur mál.

a) Vegur frá Þingvallavegi til suðurs að landi Lundar í Mosfellsdal.

Samþykkt með sjö atkvæðum.

b) Urðarholt 4.

Til máls tóku: JS, HSv, ÞK, BB

Samþykkt með sjö atkvæðum.

Til máls tóku um fundargerðina almennt: JS, ÞK, HSv, ÞK

Fundargerðin að öðru leyti lögð fram.

7. Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis 7. fundur frá 21. ágúst 2002

Til máls tók: ÞK

Fundargerðin lögð fram.

8. Samb. ísl. sveitarf., 17. fundur Launaneftndar frá 19. ágúst 2002

Fundargerðin lögð fram.

9. Stjórn SSH, 247. fundur frá 12. ágúst 2002

Til máls tóku: ÞK, RR, HS

Fundargerðin lögð fram.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:00